

HAGAR HF: STJÓRNENDAUPPGJÖR HAGA 2025/26 OG UPPGJÖR 4. ÁRSFJÓRÐUNGS

Gott rekstrarár að baki - nýtt innkaupasamstarf lækkar vöruverð

Stjórnendauppgjör Haga hf. fyrir rekstrarárið 2025/26 hefur verið yfirfarið af stjórn félagsins. Í því er m.a. að finna helstu upplýsingar um rekstur, efnahag og sjóðstreymi samstæðunnar. Stjórnendauppgjórið er ekki endurskoðað af endurskoðendum samstæðunnar og inniheldur ekki ófjárhagslegar upplýsingar. Endurskoðaður ársreikningur, ásamt ófjárhagslegum upplýsingum, verður birtur þann 29. apríl nk. og kann uppgjórið því að taka breytingum fram að þeim tíma. Gerð verður grein fyrir frávikum, ef einhver eru, við birtingu ársreiknings. Samanburðarfjárhæðum, í efnahagsreikningi 28. febrúar 2025, hefur verið breytt til að endurspeglar gangvirði kaupverðs SMS á yfirtökudegi vegna upplýsinga sem komu fram innan árs frá kaupum.

Helstu lykiltölur*

- **Vörusala** 4F nam 48.043 m.kr. (4,4% vöxtur frá 4F 2024/25). Vörusala 12M nam 197.043 m.kr. (9,3% vöxtur frá 12M 2024/25). [4F 2024/25: 46.037 m.kr., 12M 2024/25: 180.342 m.kr.]
- **Framlegð** 4F nam 12.296 m.kr. (25,6%) og 49.124 m.kr. (24,9%) fyrir 12M. [4F 2024/25: 11.508 m.kr. (25,0%), 12M 2024/25: 41.104 m.kr. (22,8%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 4F nam 4.032 m.kr. eða 8,4% af veltu. EBITDA 12M nam 18.129 m.kr. eða 9,2% af veltu. [4F 2024/25: 3.857 m.kr. (8,4%), 12M 2024/25: 14.738 m.kr. (8,2%)]
- **Hagnaður** 4F nam 1.981 m.kr. eða 4,1% af veltu. Hagnaður 12M nam 7.394 m.kr. eða 3,8% af veltu. [4F 2024/25: 3.066 m.kr. (6,7%), 12M 2024/25: 7.030 m.kr. (3,9%)]
- **Heildarafkoma** 4F nam 1.836 m.kr. og 7.741 m.kr. fyrir 12M. [4F 2024/25: 6.735 m.kr., 12M 2024/25: 10.699]
- **Grunnhagnaður á hlut** 4F var 1,81 kr. og 6,75 kr. fyrir 12M. [4F 2024/25: 2,81 kr., 12M 2024/25: 6,47 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 4F var 1,66 kr. og 5,94 kr. fyrir 12M. [4F 2024/25: 2,71 kr., 12M 2024/25: 6,30 kr.]
- **Eigið fé** nam 42.779 m.kr. í lok árs og **eiginfjárlutfall** 37,1%. [Árslok 2024/25: 38.489 m.kr. og 36,5%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2025/26 gerði ráð fyrir að EBITDA yrði á bilinu 17.600-18.100 m.kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Góður ársfjórðungur að baki** með ágætri veltuaukningu og góðri afkomu af öllum starfspáttum – **SMS nú á 4F í fyrsta sinn í samanburðartölum fyrra árs.**
- **Afnám olíugjalds um áramót** hefur áhrif á veltu samstæðunnar en **söluvöxtur hefði verið um 6,4% með óbreyttu olíugjaldi** – framlegð í krónum óbreytt en **framlegðarhlutfall hækkar.**
- **Heimsóknnum viðskiptavina í dagvöruverslanir félagsins á Íslandi fjölgaði** um 6,8% á 4F – **seldum stykkjum fjölgaði** um 3,2%.
- **Seldum eldsneytislitrum fjölgaði** um 1,2% á fjórðungnum – **aukning bæði í smásölu og sölu til stórnotenda.**
- **Heimsóknnum viðskiptavina hjá SMS** í Færeyjum fjölgaði um 2,2% á fjórðungnum.
- **Matsbreyting fjárfestingarfasteigna** var neikvæð á 4F um 189 m.kr. en til samanburðar nam jákvæð matsbreyting síðasta árs 1.042 m.kr., þar af 922 m.kr. vegna einskisáhrifa fasteigna í rekstrarleigu hjá SMS.
- **Hagar og Salling Group hefja innkaupasamstarf** sem gerir Högum – Bónus og Hagkaup – kleift að **lækka verð á hundruðum vara.**
- **Vinna við nýja miðlæga rekstrareiningu, Haga miðla**, á lokametrunum en kynningarviðburður verður haldinn fyrir samstarfsaðila þann 17. apríl.
- **Nýtt vildarkerfi Haga, Takk**, sem gefið var út þann **14. janúar** hefur fengið góðar viðtökur og „Takkarar“ eru nú orðnir tæplega 60 þúsund talsins.
- Framkvæmdir hafnar við **standsetningu á aðstöðu** fyrir Eldum rétt og Ferskar kjötvörur við **Álfabakka 2** – gjaldfærður kostnaður vegna leigu 133 m.kr. á 4F.
- **Hlutdeild Haga í hagnaði Klasa fasteignarþróunarfélags nam 828 m.kr.** á 4F.

*SMS varð hluti af samstæðu Haga á 4. ársfjórðungi 2024/25 og gættir áhrifa þeirra því aðeins á síðasta ársfjórðungi í samanburðartölum fyrra árs.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Starfsemi Haga á síðasta ársfjórðungi rekstrarársins 2025/26 gekk vel á öllum sviðum og var afkoma umfram áætlanir. Vörusala nam 48.043 m.kr., sem er 4,4% aukning á milli ára, en litast af niðurfellingu olúgjalda frá áramótum, til lækkunar í samanburði við fyrra ár. EBITDA nam 4.032 m.kr. og hækkaði um 4,5% á milli ára og hagnaður nam 1.981 og lækkaði á milli ára. Ef tekið er tillit til einskiptistekjufærslna og matsbreytinga á fjárfestingarfasteignum á fyrra ári, þá styrktist EBITDA heldur meira á milli ára og hagnaður frá rekstri jókst.

Fjórðungurinn innsiglar gott rekstrarár samstæðu Haga þar sem nýrrar stoðar í rekstri félagsins, SMS í Færeyjum, gætir nú að fullu. Vörusala ársins nam 197.043 m.kr. og jókst um 9,3%, EBITDA var 18.129 m.kr., eða 9,2% af veltu og hagnaður ársins var 7.394 m.kr. Niðurstöður ársins endurspeglar sterka stöðu allra rekstrareininga samstæðunnar og ágæta eftirspurn á þeim mörkuðum sem við störfum, bæði á Íslandi og í Færeyjum. Við erum ánægð með starfsemi félagsins á árinu og að samhliða góðum árangri í rekstri hafi verið stigin markviss skref í frekari útvíkkun á tekjugrunni og leiðum til arðbærs vaxtar.

Á fjórðungnum jukust tekjur *Verslana og vöruhúsa á Íslandi* um 8,1% frá sama tímabili og í fyrra, námu 35.687 m.kr., og afkoma starfspáttar styrktist. Aukning í veltu, fjölda seldra stykkja og heimsóknna staðfestir aukinn meðbyr með verslunum Haga. Metfjöldi viðskiptavina heimsótti Bónus á fjórðungnum, sem skilaði sér í 9% tekjuaukningu og 4% aukningu í seldu magni. Viðskiptavinir hafa tekið uppfærðum áherslum í verslunum Bónus vel og stöðugri viðleitni til að tryggja viðskiptavinum hagkvæmstu kaupin á dagvöru í aðgengilegum verslunum um allt land. Úrval af ávöxtum, grænmeti, heilsuvörum og tilbúnum réttum hefur verið aukið og m.a. stutt við heilsuáttak barna með sölu á 43 tonnum af Ípróttanamma í samstarfi við Latabæ. Þá fengu 95% barna sem fæddust á Íslandi á síðasta ári Barnabónus að gjöf, stuðningur sem léttir undir fjárhag meðal barnafjölskyldna. Með öflugum innkaupastarfi og nánú samstarfi við birgja hefur Bónus náð að lækka verð á um 850 vörum og haldið verði á um 1600 vörum til viðbótar óbreyttu á milli ára. Því til viðbótar spara viðskiptavinir sér tugi milljóna í hverjum mánuði á góðum tilboðum, m.a. tengt *Ódýrast vikunnar í Bónus* og *Takk*.

Jólaverslun í Hagkaup gekk vel og setti tóninn fyrir sterkan rekstur á fjórðungnum. Viðskiptavinir hafa ekki áður verið fleiri, en stöðugar nýjungar í þjónustu og fjölbreyttasta vöruúrval landsins í matvöru, snyrtivörum og leikföngum mælast vel fyrir. Vægi netverslunar Hagkaups með sérvöru og veislurétti fer vaxandi og viðskiptavinir hafa tekið nýrri netverslun með dagvöru í samstarfi við Wolt opnum örmum. Umsvif hjá Aðföngum og Banönum jukust í samræmi við gott gengi dagvöruverslana Haga á fjórðungnum. Heildsala Stórkaups með rekstrar- og heilbrigðisvöru gengur vel, en vöxtur í matvöru félagsins var sérstaklega sterkur. Þægilegar, einfaldar og gómsætar lausnir frá Eldum rétt njóta áfram mikilla vinsælda hjá landsmönnum og endurspeglast það í rekstri. Rekstur Zara gekk sömuleiðis vel og afkoma umfram áætlanir og fyrra ár.

Starfsemi Olís á fjórðungnum gekk heilt yfir vel. Tekjur námu 8.974 m.kr. og lækkuðu um 10% frá fyrra ári, eingöngu vegna niðurfellingar olúgjalds um áramót. Afkoma var umfram áætlanir en dróst heldur saman á milli ára. Seldum lítrum fjölgaði bæði í smásölu og til stórnotenda og áframhaldandi aukning var í sölu á þurrvöru, veitingum og öðrum þjónustupáttum. Fimmta bílapvottastöð Glans opnaði við Skúlagötu í febrúar. Rekstrarárið var með þeim sterkari í sögu félagsins, knúði áfram af góðri sölu eldsneytis á smásölumarkaði, hagræðingu í rekstrarkostnaði á undanförunum misserum og aukinni sölu á þjónustu og vörum annarri en eldsneyti, svo sem veitingum, bílapvotti hjá Glans, heimsendingu með Wolt og afhending pakkasendinga.

Það er áfram góður gangur í starfsemi SMS í Færeyjum, tekjur voru 3.965 m.kr. og jukust um tæplega 9% á milli ára og heimsóknum viðskiptavina fjölgaði. Afkoma reyndist aðeins undir síðasta ári og áætlunum, sem annars vegar má rekja til einskiptistekjufærslna á fyrra ári og hins vegar sölutaps á þessu ári í tengslum við hnökra á afhendingu aðfanga frá flutningsaðila um miðjan desember, skömmu fyrir jól. Heilt yfir gekk SMS vel á árinu og var afkoma vel umfram áætlanir.

Takk, vildarkerfi Haga samstæðunnar, sem hleypt var af stokkunum í janúar, hefur fengið góðar viðtökur; meðlimir sem nýta sér betri kjör, áhugaverð fríðindi og nýja þjónustupætti eru nú um 60 þúsund, töluvert umfram það sem gert var ráð fyrir á fyrstu mánuðunum. Takk vildarkerfi gerir verslunum Haga kleift að sníða vöruframboð og þjónustu betur að þörfum viðskiptavina. Önnur spennandi nýjung, Hagar miðlar, hefur formlega starfsemi þann 17. apríl, þar sem samstarfsaðilum er gert kleift að miðla efni á sölustað á markvissari og áhrifaríkari hátt en í hefðbundnum auglýsingamiðlum. Fyrstu prófanir á virkni auglýsinga í Hagar miðlar

lofa góðu og við hlökkum til að kynna þjónustuna betur fyrir góðum samstarfsaðilum á stórum opnunarviðburði á morgun.

Með Bónus í broddi fylkingar hafa Hagar alla tíð lagt áherslu á að halda vöruverði til viðskiptavina sem lægstu. Í þeim tilgangi er stöðugt unnið að því að lágmarka rekstrarkostnað og leita allra leiða til að halda niðri innkaupsverði á aðföngum til dagvöruverslunar, en þannig hefur félagið lagt sitt af mörkum í baráttu við verðbólgu. Því tengt er óumdeilt að rekstur Bónus hefur frá stofnun orðið til þess að halda aftur af hækkunum matvöruverðs á Íslandi. Nú eru hins vegar ákveðnar blikur á lofti því mikil hækkun olíuverðs vegna stríðs í Mið-Austurlöndum skapar þrýsting á aðfangaverð í dagvöruverslun um allan heim, enda framleiðslu- og flutningskostnaðar nátengdur olíuverði.

Í því ljósi er það sérstakt ánægjuefni að Hagar hafa byrjað nýtt innkaupasamstarf við danska smásölufrirtækið Salling Group. Salling Group er stærsta fyrirtækið á sínu sviði í Danmörku og rekur yfir 2.100 verslanir undir nöfnum Netto, fætex, Bilka og Rimi í Danmörku, Þýskalandi, Póllandi og Eystrasaltslöndunum. Salling er þekkt fyrir mjög góð verð á fjölbreyttum vörulínunum sem margar hverjar bera viðurkenndar skandinavískar gæðamerkingar á borð við Svaninn og Lykilinn. Samstarfið markar tímamót í dagvöruverslun á Íslandi, en með því nýtist verulegur innkaupakraftur Salling Group til þess að lækka verð á hundruðum vara í verslunum Haga á næstu misserum. Fyrstu vöurnar eru þegar komnar í hillur verslana Bónus og Hagkaups og mun þeim fjölga ört á næstu mánuðum. Við gerum ráð fyrir að verðlækkningar í verslunum Haga muni hafa jákvæð áhrif á verðþróun á dagvörumarkaði á næstu mánuðum og dragi þannig úr verðbólguþrýsting vegna matvöru.

Við erum ánægð með þróun samstæðu Haga á liðnu ári, en þar fór saman góð afkoma af rekstri og framgangur mikilvægra stefnumótandi áherslna. Ný stoð er orðin til með kröftugum rekstri SMS í Færeyjum, vildarkerfi Takk leit dagsins ljós og Hagar miðlar skapa ný tækifæri til samstarfs við birgja og aukna þjónustu við viðskiptavini. Þá var Glans bílapvottur settur á laggirnar, en stöðvum fjölgaði hratt á árinu og eru þær nú á fimm staðsetningum á landinu. Á sama tíma höfum við nýtt árið til að undirbúa samstarf við Salling Group sem við trúum að muni skila viðskiptavinum Haga og félaginu sjálfu áþreifanlegum ávinningi til bæði skemtri og lengri tíma. Árangur þessarar vinnu endurspeglast í auknu virði fyrir hluthafa, en arðsemi eiginfjár hefur verið í samræmi við markmið og uppsafnaður hagnaður á hlut hefur aukist um 21% á síðasta ári og meira en þrefaldast á síðustu fimm árum. Verð hlutabréfa, leiðrétt fyrir arðgreiðslu, hækkaði um ríflega 21% á rekstrarárinu.

Gott gengi Haga á undangengnu ári má annars vegar þakka viðskiptavinum sem sýna okkur traust sitt í verki með því að beina til okkar viðskiptum og hins vegar frábærum hópi starfsfólks sem leggur sig á hverjum degi fram um að gera verslun skemmtilega, einfalda og hagkvæma. Þrátt fyrir ögrandi aðstæður sem við blasa í íslensku efnahagslífi og á alþjóðlegum mörkuðum fyrir olíu og aðföng, þá erum við bjartsýn á horfur í rekstri Haga. Staða Haga og rekstrareininga samstæðunnar er sterk og margvísleg tækifæri framundan til arðbærs vaxtar.

Afkomuspá fyrir rekstrarárið 2026/27 gerir ráð fyrir því að EBITDA samstæðunnar verði á bilinu 18.800 – 19.300 m.kr.

Rekstrarreikningur samstæðunnar og starfspáttayfirlit

í millj. kr.	4F 2025/26		4F 2024/25		Breyting	Breyting %	12M 2025/26		12M 2024/25		Breyting	Breyting %
	01.12.-28.02	01.12.-28.02	01.12.-28.02	01.12.-28.02			01.03.-28.02	01.03.-28.02	01.03.-28.02	01.03.-28.02		
Vörusala	48.043	46.037	2.006	4,4%	197.043	180.342	16.701	9,3%				
Kostnaðarverð seldra vara	(35.747)	(34.529)	(1.218)	3,5%	(147.919)	(139.238)	(8.681)	6,2%				
Framlegð	12.296	11.508	788	6,8%	49.124	41.104	8.020	19,5%				
Framlegð %	25,6%	25,0%	-	0,6%	24,9%	22,8%	-	2,1%				
Aðrar rekstrartekjur	323	332	(9)	-2,7%	1.291	936	355	37,9%				
Laun og launatengd gjöld	(5.917)	(5.382)	(535)	9,9%	(22.073)	(18.451)	(3.622)	19,6%				
Annar rekstrarkostnaður	(2.670)	(2.601)	(69)	2,7%	(10.213)	(8.851)	(1.362)	15,4%				
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	4.032	3.857	175	4,5%	18.129	14.738	3.391	23,0%				
EBITDA %	8,4%	8,4%	-	0,0%	9,2%	8,2%	-	1,0%				
Afskriftir	(1.664)	(1.456)	(208)	14,3%	(6.278)	(5.351)	(927)	17,3%				
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	(189)	1.042	(1.231)	-118,1%	(410)	1.042	(1.452)	-139,3%				
Rekstrarhagnaður (EBIT)	2.179	3.443	(1.264)	-36,7%	11.441	10.429	1.012	9,7%				
Hrein fjármagnsgjöld	(826)	(795)	(31)	3,9%	(3.597)	(2.988)	(609)	20,4%				
Áhrif hlutdeildarféлага	955	789	166	21,0%	1.205	981	224	22,8%				
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.308	3.437	(1.129)	-32,8%	9.049	8.422	627	7,4%				
Tekjuskattur	(327)	(371)	44	-11,9%	(1.655)	(1.392)	(263)	18,9%				
Hagnaður tímabilsins	1.981	3.066	(1.085)	-35,4%	7.394	7.030	364	5,2%				
Önnur heildarafkoma samtals	(145)	3.669	(3.814)	-104,0%	347	3.669	(3.322)	-90,5%				
Heildarafkoma samtals	1.836	6.735	(4.899)	-72,7%	7.741	10.699	(2.958)	-27,6%				

Lykiltölur á 4. ársfjórðungi 2025/26

Vörusala á 4F nam 48.043 m.kr. og jókst um 4,4% milli ára. Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 8,1% en 10,3% samdráttur var í sölu hjá Olís milli ára. Án áhrifa af afnámi olíugjalds var sala 1,0% undir fyrra ári. Vörusala SMS jókst um 10,0%.

Á 4F fjölgaði heimsóknum viðskiptavina í dagvöruverslunum (á Íslandi) um 6,8% milli ára og seldum stykkjum fjölgaði um 3,2%. Seldum eldsneytislítrum fjölgaði um 1,2%, aukning bæði í smásölu og sölu til stórnotenda. Heimsóknum viðskiptavina hjá SMS fjölgaði um 2,2% á 4F.

Framlegð á 4F nam 12.296 m.kr. og jókst um 6,8% milli ára og framlegðarhlutfall nam 25,6%, hækkan um 0,6%-stig - framlegðarhlutfall styrktist bæði í dagvöru- og eldsneytishluta samstæðunnar.

Launakostnaður jókst um 9,9% á milli ára og annar rekstrarkostnaður um 2,7%. Á 4F hækkan launa- og kostnaðarhlutfall úr 17,3% í 17,9%, meðal annars vegna afnáms olíugjalds.

EBITDA nam 4.032 m.kr. og jókst um 4,5%. EBITDA jókst um 17,6% hjá verslunum og vöruhúsum á Íslandi en dróst saman um 30,7% hjá Olís, en 4F í fyrra var óvenju góður í sögulegu samhengi. EBITDA SMS dróst saman um 13,6% sem rekja má til einskiptistekna á fyrra ári og sölutaps vegna seinkunar á skipasendingum.

Matsbreyting fjárfestingarfasteigna var neikvæð um 189 m.kr. í samanburði við jákvæða matsbreytingu að fjárhæð 1.042 m.kr. á fyrra ári en þá námu einskiptistekjuáhrif fasteigna í rekstrarleigu hjá SMS 922 m.kr. Áhrif hlutdeildarféлага námu 955 m.kr. á 4F, þar af 828 m.kr. vegna Klasa.

Hagnaður 4F nam 1.981 m.kr. í samanburði við 3.066 m.kr. á fyrra ári. Heildarafkoma nam 1.836 m.kr. í samanburði við 6.735 m.kr. á fyrra ári.

Rekstur ársins 2025/26

Vörusala ársins nam 197.043 m.kr., samanborið við 180.342 m.kr. árið áður eða 9,3% söluaukning. Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 7,3% en samdráttur var í sölu hjá Olís um 8,2%. SMS varð hluti af Högum á 4F 2024/25 sem litar samanburð milli ára og gætir áhrifa þeirra því aðeins í samanburðartölum að hluta.

Framlegð ársins nam 49.124 m.kr. og jókst hún um 19,5% milli ára. Framlegðarhlutfall nam 24,9% og hækkaði um 2,1%-stig frá fyrra ári. Hækkan milli ára má fyrst og fremst rekja til viðbótar SMS í samstæðuna en einnig til beggja starfspátta á Íslandi þar sem rekstur hefur verið sterkur.

Heildarrekstrarkostnaður hækkan um 18,3% milli ára, að mestu vegna SMS, áhrifa verðbólgu og kjarasamninga auk kostnaðar við Álfabakka 2. Launa- og kostnaðarhlutfall hækkan úr 15,1% í 16,4% á árinu, einkum vegna áhrifa af SMS.

EBITDA nam 18.129 m.kr. og jókst um 23,0%. EBITDA jókst um 13,2% hjá verslunum og vöruhúsum á Íslandi og um 12,9% hjá starfspætti Olís. EBITDA starfspáttar SMS nam 2.051 m.kr.

Matsbreyting fjárfestingarfasteigna var neikvæð um 410 m.kr. en neikvæð áhrif hjá SMS, vegna fasteigna í rekstrarleigu, námu 462 m.kr.

Hagnaður ársins var 7.394 m.kr. (3,8% af veltu) og hagnaður fyrra árs nam 7.030 m.kr. (3,9%). Önnur heildarafkoma nam 347 m.kr. en þar af var endurmat fasteigna, sem fært er beint á eigið fé, 493 m.kr. en neikvæður þýðingarmunur nam 146 m.kr. Heildarafkoma samtals nam 7.741 m.kr. en nam 10.699 m.kr. í fyrra, þar sem 3.677 m.kr. voru vegna endurmats fasteigna í kjölfar breytinga á reikningsskilaaðferð.

Starfspáttayfirlit samstæðunnar á 4. ársfjórðungi og á rekstrarárinu 2025/26

Samstæða Haga samanstendur af þremur starfspáttum. Þeir eru verslanir og vöruhús á Íslandi, verslanir og vöruhús í Færeyjum og starfsemi Olís.

4F 2025/26 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland		Verslanir og vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	35.471	8.942	3.814	(184)		48.043
Aðrar rekstrartekjur	216	32	151	(76)		323
Heildartekjur starfspáttá	35.687	8.974	3.965	(260)		48.366
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(32.595)	(8.486)	(3.513)	260		(44.334)
EBITDA starfspáttá	3.092	488	452	--		4.032
Afskriftir starfspáttá	(1.158)	(317)	(189)	--		(1.664)
Matsbreyting starfspáttá	(23)	6	(172)	--		(189)
Áhrif hlutdeildarféлага	828	128	(1)	--		955
Rekstrarafkoma starfspáttá	2.739	305	90	--		3.134
Hrein fjármagnsgjöld	(523)	(125)	(178)	--		(826)
Tekjuskattur						(327)
Hagnaður tímabilsins						1.981

12M 2025/26 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland		Verslanir og vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	136.856	46.104	14.990	(907)		197.043
Aðrar rekstrartekjur	778	192	623	(302)		1.291
Heildartekjur starfspáttá	137.634	46.296	15.613	(1.209)		198.334
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(125.725)	(42.127)	(13.562)	1.209		(180.205)
EBITDA starfspáttá	11.909	4.169	2.051	--		18.129
Afskriftir starfspáttá	(4.397)	(1.165)	(716)	--		(6.278)
Matsbreyting starfspáttá	51	1	(462)	--		(410)
Áhrif hlutdeildarféлага	859	347	(1)	--		1.205
Rekstrarafkoma starfspáttá	8.422	3.352	872	--		12.646
Hrein fjármagnsgjöld	(2.545)	(550)	(502)	--		(3.597)
Tekjuskattur						(1.655)
Hagnaður tímabilsins						7.394

4F 2024/25 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland		Verslanir og vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	32.826	9.972	3.467	(228)		46.037
Aðrar rekstrartekjur	183	41	183	(75)		332
Heildartekjur starfspáttá	33.009	10.013	3.650	(303)		46.369
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(30.379)	(9.309)	(3.127)	303		(42.512)
EBITDA starfspáttá	2.630	704	523	--		3.857
Afskriftir starfspáttá	(997)	(281)	(178)	--		(1.456)
Matsbreyting starfspáttá	129	(9)	922	--		1.042
Áhrif hlutdeildarféлага	660	129	--	--		789
Rekstrarafkoma starfspáttá	2.422	543	1.267	--		4.232
Hrein fjármagnsgjöld	(585)	(80)	(130)	--		(795)
Tekjuskattur						(371)
Hagnaður tímabilsins						3.066

12M 2024/25 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland		Verslanir og vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	127.508	50.238	3.467	(871)		180.342
Aðrar rekstrartekjur	732	306	183	(285)		936
Heildartekjur starfspáttá	128.240	50.544	3.650	(1.156)		181.278
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(117.719)	(46.850)	(3.127)	1.156		(166.540)
EBITDA starfspáttá	10.521	3.694	523	--		14.738
Afskriftir starfspáttá	(3.986)	(1.187)	(178)	--		(5.351)
Matsbreyting starfspáttá	129	(9)	922	--		1.042
Áhrif hlutdeildarféлага	699	282	--	--		981
Rekstrarafkoma starfspáttá	7.363	2.780	1.267	--		11.410
Hrein fjármagnsgjöld	(2.365)	(493)	(130)	--		(2.988)
Tekjuskattur						(1.392)
Hagnaður tímabilsins						7.030

Breyting 4F milli ára %	Verslanir og vöruhús Ísland		Verslanir og vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	8,1%	-10,3%	10,0%	-19,3%		4,4%
Aðrar rekstrartekjur	18,0%	-22,0%	-17,5%	1,3%		-2,7%
Heildartekjur starfspáttá	8,1%	-10,4%	8,6%	-14,2%		4,3%
Heildarrekrargjöld starfspáttá	7,3%	-8,8%	12,3%	-14,2%		4,3%
EBITDA starfspáttá	17,6%	-30,7%	-13,6%	-		4,5%
Afskriftir starfspáttá	16,1%	12,8%	6,2%	-		14,3%
Matsbreyting starfspáttá	-117,8%	-166,7%	-118,7%	-		-118,1%
Áhrif hlutdeildarféлага	25,5%	-0,8%	-	-		21,0%
Rekstrarafkoma starfspáttá	13,1%	-43,8%	-92,9%	-		-25,9%
Hrein fjármagnsgjöld	-10,6%	56,3%	36,9%	-		3,9%
Tekjuskattur						-11,9%
Hagnaður tímabilsins						-35,4%

Breyting 12M milli ára %	Verslanir og vöruhús Ísland		Verslanir og vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	7,3%	-8,2%	332,4%	4,1%		9,3%
Aðrar rekstrartekjur	6,3%	-37,3%	240,4%	6,0%		37,9%
Heildartekjur starfspáttá	7,3%	-8,4%	327,8%	4,6%		9,4%
Heildarrekrargjöld starfspáttá	6,8%	-10,1%	333,7%	4,6%		8,2%
EBITDA starfspáttá	13,2%	12,9%	292,2%	-		23,0%
Afskriftir starfspáttá	10,3%	-1,9%	302,2%	-		17,3%
Matsbreyting starfspáttá	-60,5%	-111,1%	-150,1%	-		-139,3%
Áhrif hlutdeildarféлага	22,9%	23,0%	-	-		22,8%
Rekstrarafkoma starfspáttá	14,4%	20,6%	-31,2%	-		10,8%
Hrein fjármagnsgjöld	7,6%	11,6%	286,2%	-		20,4%
Tekjuskattur						18,9%
Hagnaður tímabilsins						5,2%

Starfsemi verslana og vöruhúsa, bæði á Íslandi og í Færeyjum, er að stærstum hluta í smásölurekstri dagvöru. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist, auk sölu skyndibita og ýmissa nauðsynjavara. Olís rekur þjónustustöðvar víðsvegar um landið undir vörumerki Olís en rekur auk þess fjöldann allan af ÓB sjálfsafgreiðslustöðvum og nokkrar snertilausar bílþvottastöðvar undir heitinu Glans.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa á Íslandi felur í sér starfsemi Bónus, Hagkaups, Aðfanga, Banana, Stórkaups, Noron og Eldum rétt. Starfsemi Haga Wine B.V. í Hollandi fellur einnig hér undir en vegna smæðar starfseminnar og einkenna hennar er ekki um sérstakan starfspátt að ræða, þrátt fyrir annað landsvæði.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa í Færeyjum inniheldur alla starfsemi SMS samstæðunnar sem einkum samanstendur af rekstri dagvöruverslana Bónus, Miklagarður og Mylnan en einnig rekstri veitingastaða, sérvöruverslana, kjötvinnslu, brauð- og kökugerðar sem og rekstri fasteigna.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	28.02.2026	28.02.2025	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	90.381	82.372	8.009	9,7%
Veltufjármunir	24.865	23.160	1.705	7,4%
Eignir samtals	115.246	105.532	9.714	9,2%
Eigið fé og skuldir				
Hlutafé	1.089	1.098	(9)	-0,8%
Annað eigið fé	41.718	37.423	4.295	11,5%
Eigið fé hluthafa móðurfélags	42.807	38.521	4.286	11,1%
Hlutdeild minnihluta	(28)	(32)	4	-12,5%
Eigið fé samtals	42.779	38.489	4.290	11,1%
Langtímaskuldir	39.291	37.463	1.828	4,9%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	9.040	6.278	2.762	44,0%
Aðrar skammtímaskuldir	24.136	23.303	833	3,6%
Skuldir samtals	72.467	67.043	5.424	8,1%
Eigið fé og skuldir samtals	115.246	105.532	9.714	9,2%

Lykiltölur efnahags 28.02.2026

- Heildareignir samstæðunnar í lok árs námu 115.246 m.kr. og hækkuðu um 9.714 m.kr. frá árslokum 2024/25 eða um 9,2%. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til að endurspeglar gangvirði kaupverðs SMS á yfirtökudegi, þann 2. desember 2024, vegna upplýsinga sem komu fram innan árs frá kaupum. Fastafjármunir hækkuðu um 496 m.kr. og langtímaskuldir sömuleiðis. Eiginfjárlutfall lækkaði úr 36,6% í 36,5% eftir breytingarnar.
- Fastafjármunir námu 90.381 m.kr. og hækkuðu um 8.009 m.kr. frá árslokum 2024/25, þar af hækkuðu leigugæðir um 5.195 m.kr. á tímabilinu vegna nýs leigusamnings við Álfabakka 2 auk framlengdra leigusamninga hjá Bónus og Hagkaup.
- Veltufjármunir námu 24.865 m.kr. og hækkuðu um 1.705 m.kr. frá árslokum 2024/25 en þar af hefur handbært fé hækkað um 1.576 m.kr. á árinu.
- Vörubirgðir námu 14.393 m.kr. í lok árs og hækkuðu um 419 m.kr. á árinu. Veltuhraði birgða í lok árs var 10,4 til samanburðar við 10,3 í árslok 2024/25. Innheimtutími viðskiptakrafna var 9,6 dagar til samanburðar við 10,2 daga í lok árs 2024/25.
- Veltufjárlutfall nam 0,75 í lok árs, í samanburði við 0,78 í fyrra. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 3,0 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður, auk þess sem félagið fjármagnar sig til skamms tíma með útgáfu víxla.
- Eigið fé í lok árs nam 42.779 m.kr. og eiginfjárlutfall var 37,1%. Eiginfjárlutfall var 36,5% í árslok 2024/25. Arðsemi eigin fjár var 19,2% til samanburðar við 24,3% í fyrra. Félagið átti eigin bréf að nafnverði 17,8 milljónir í lok árs.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok árs námu 72.467 m.kr. og hækkuðu um 5.424 m.kr. frá lokum síðasta árs, þar af 5.377 m.kr. vegna leiguskulda.
- Vaxtaberandi skuldir námu 23.391 m.kr. og leiguskuldir 24.954 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 44.470 m.kr. eða 2,5 x 12 mánaða EBITDA.
- Vaxtaberandi skammtímaskuldir námu 9.040 m.kr. en þar af námu víxilskuldir 1.240 m.kr. og skammtímafjármögnun í dönskum krónum vegna kaupa félagsins á SMS nam 3.841 m.kr. Skuldabréfaflokkur HAGA120926 1 að fjárhæð 3.000 m.kr. er einnig á gjalddaga á seinni helmingi ársins.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	4F 2025/26	4F 2024/25	Breyting	Breyting %	12M 2025/26	12M 2024/25	Breyting	Breyting %
	01.12.-28.02	01.12.-28.02			01.03.-28.02	01.03.-28.02		
Handbært fé frá rekstri	600	2.856	(2.256)	-79,0%	13.022	11.108	1.914	17,2%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.573)	(1.514)	(59)	3,9%	(5.282)	(8.671)	3.389	-39,1%
Fjármögnunarahreyfingar	(1.254)	(576)	(678)	117,7%	(6.156)	(1.964)	(4.192)	213,4%
Hækkun á handbæru fé	(2.227)	766	(2.993)	-390,7%	1.584	473	1.111	234,9%
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(24)	(1)	(23)	2300,0%	(8)	(1)	(7)	700,0%
Handbært fé í byrjun tímabils	6.126	1.534	4.592	299,3%	2.299	1.827	472	25,8%
Handbært fé í lok tímabils	3.875	2.299	1.576	68,6%	3.875	2.299	1.576	68,6%

Sjóðstreymi rekstrarársins 2025/26

- Handbært fé frá rekstri nam 13.022 m.kr. á rekstrarárinu, samanborið við 11.108 m.kr. á fyrra ári.
- Fjárfestingarhreyfingar ársins námu 5.282 m.kr., samanborið við 8.671 m.kr. á fyrra ári. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 4.757 m.kr. og voru einkum vegna standsetningar framleiðslurýma fyrir Eldum rétt og Ferskar kjötvörur í Álfabakka 2, umbóta í nokkrum verslunum Bónus og Hagkaups, nýrra þvottastöðva Glans hjá Olís og tveggja nýrra ÓB stöðva. Hjá SMS í Færeyjum var fjárfest í fasteign í Runavík og endurbótum og uppsetningu verslana í rýminu. Fjárfestingar í óefnislegum eignum, þ.e. hugbúnaði og öðrum stafrænum lausnum, námu 757 m.kr. á rekstrarárinu. Á fyrra ári nam fjárfesting í dótturfélaginu SMS 4.741 m.kr.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins voru 6.156 m.kr., samanborið við 1.964 m.kr. á fyrra ári. Fjárhæð endurkaupa eigin bréfa nam 1.054 m.kr. á árinu en til samanburðar voru ekki keypt eigin bréf á fyrra ári.
- Handbært fé hækkaði um 1.576 m.kr. á árinu, að teknu tilliti til áhrifa gengisbreytinga, og nam 3.875 m.kr. í lok árs, samanborið við 2.299 m.kr. í lok árs 2024/25.

Staðan og framtíðarhorfur

Uppfærð afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2025/26 sem nú er liðið gerði ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) yrði á bilinu 17.600-18.100 m.kr. Rekstur ársins gekk vel og var umfram upphaflegar afkomuspár stjórnenda. Afkomuspáin var hækkuð í tvisgang, fyrst í aðdraganda uppgjors 2. ársfjórðungs um 1.000 m.kr. og síðar við birtingu uppgjors 3. ársfjórðungs um 600 m.kr. Ástæður betri rekstrarniðurstöðu en upphaflegar spár gerðu ráð fyrir má rekja til allra rekstrareininga í samstæðunni. Eftirspurn á dagvörumarkaði á Íslandi var sterk með góðri veltuaukningu og afkomubata milli ára, bæði hjá Bónus og Hagkaup. Olís náði góðum árangri, bæði í eldsneytis- og þurrvöruhluða félagsins, auk þess sem nýir tekjustraumir og hagræðingar í rekstri þjónustustöðva hafa gengið vel. Á sama tíma hefur rekstur SMS í Færeyjum gengið vel og umsvif aukist.

Fyrstu vikurnar á nýju rekstrarári hafa einkennst af óvissu í alþjóðlegu efnahagslífi, m.a. vegna átaka í Mið-Austurlöndum, verðbólguþrýstingi, háu vaxtastigi og sveiflum á hrávörumörkuðum. Hagar fara ekki varhluta af ástandinu en staða félagsins er traust og það vel í stakk búið til að takast á við þessar áskoranir og aðrar í íslensku efnahagsumhverfi.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2026/27 sem nú er hafið gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 18.800 - 19.300 m.kr. Forsendur afkomuspár gera ráð fyrir 3,7% hækkun verðlags á ársgrundvelli og áhrif kjarasamninga nema um 5,0% hækkun launa milli ára. Ekki var gert ráð fyrir verulegum áhrifum af breytingu gengis helstu innkaupamynta. Vegna framkvæmda og yfirfærslu starfsemi í Álfabakka 2 er tímabundinn kostnaðarauki í rekstri, m.a. vegna tvöfaldrar leigu, áætlaður um 470 m.kr. í rekstraráætlun ársins 2026/27. Útgefin afkomuspá tekur tillit til þessa kostnaðarauka, og er því lægri en áætlanir félagsins fyrir grunnrekstur ársins. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar ársins (e. CAPEX) verði á bilinu 5.600 - 6.000 m.kr. Eins og fyrr segir ber Álfabakki 2 uppi fjárfestingar ársins, en með flutningi þangað opnast ýmis tækifæri fyrir Haga sem tengjast framleiðslu og nýjum tekjustraumum.

Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 3,0 ma. kr. er tryggður en einnig hefur félagið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Um Hagar

Hagar er leiðandi verslunarfyrirtæki með fjölbreytta starfsemi á Íslandi, í Færeyjum og í Hollandi, einkum á dagvöru- og eldsneytismarkaði. Á Íslandi starfrækja Hagar 40 dagvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 45 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga á Íslandi er á sviði dagvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Í Færeyjum starfrækja Hagar verslunarfélagið SMS sem er leiðandi á færeyska markaðinum en SMS rekur m.a. 13 dagvöruverslanir, sjö veitingastaði og fjórar sérvöruverslanir. Í Hollandi starfrækja Hagar eina netverslun með áfengi.

Hlutfé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok rekstrarárs nam 131,7 ma. kr. og lokaverð þann 28. febrúar 2026 var 119,0 kr./hlut.
- Skráð hlutfé Haga í lok rekstrarárs nam 1.106 m.kr. Félagið átti 17,8 milljón eigin hluti í lok árs og er útistandandi hlutfé því 1.089 m.kr.
- Þann 27. maí 2025 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50,0% af hagnaði síðasta reikningsárs, án áhrifa matsbreytinga og hlutdeildarféлага, eða samtals 2.504 m.kr. Arðgreiðslan nam því 2,28 kr. á hlut útistandandi hlutfjár. Arðurinn var greiddur þann 5. júní 2025.
- Tillaga stjórnar Haga um arðgreiðslu fyrir aðalfund félagsins 2026 verður kynnt með endurskoðuðum ársreikningi samstæðunnar sem birtur verður þann 29. apríl nk. Aðalfundur verður haldinn þann 21. maí 2026.
- Hluthafar voru 923 í byrjun rekstrarárs og 1066 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 76,3% eignarhlut í félaginu í lok rekstrarárs.

Kynningarfundur föstudaginn 17. apríl 2026

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á Nauthól, Nauthólsvegi 106 í Reykjavík, föstudaginn 17. apríl kl. 08:30. Þar munu Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Fundinum verður auk þess streymt og er skráning á streymið hér: <https://www.hagar.is/skraning>. Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á netfangið fjarfestakynning@hagar.is og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2026/27

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
Aðalfundur 2026	Fimmtudagur	21. maí 2026
1F – 1. mars til 31. maí	Þriðjudagur	30. júní 2026
2F – 1. mars til 31. ágúst	Fimmtudagur	15. október 2026
3F – 1. mars til 30. nóvember	Fimmtudagur	14. janúar 2027
4F stjórnendauppgjör – 1. mars til 28. feb	Fimmtudagur	15. apríl 2027
4F ársreikningur– 1. mars til 28. feb	Fimmtudagur	29. apríl 2027
Aðalfundur 2027	Miðvikudagur	26. maí 2027

Gögn vegna fjárfestakynningar verða aðgengileg á ensku þann 20. apríl á <https://www.hagar.is/en/>

Presentation materials will be available in English on April 20th at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
